



Sjávarútvegsnefnd Alþingis

5. mars 2007

Efni: Umsögn frumvarp til laga um Verðlagsstofu skiptaverðs o.fl.

Landssamband smábátæigenda (LS) lýsir sig sammála efni frumvarpsins.

LS telur frumvarpið þrengja enn frekar svigrúm til viðskipta með aflaheimildir þar sem sjómenn eru þátttakendur í fjármögnun þeirra. Það er í samræmi við gildandi lög sem ekki hafa haldið gagnvart einstaka aðilum sem bjóða upp á starfsumhverfi sem stillt er inn á svindl.

Fram hefur komið hjá fulltrúum hagsmunasamtaka, sem aðild áttu að lögum um Verðlagsstofu nr. 13/1998 og ákvæði laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða sem bannar flutning aflamarks nema VS hafi staðfest samning um fiskverð, að skoðun á framkvæmd samnings er engin. Með frumvarpinu er skerpt á lögum um Verðlagsstofu þannig að henni verði skylt að bera saman aflaverðmæti og uppgjör, sem útgerðaraðili og launþegi skulu láta henni í té.

Í samkeppnisumhverfi sem ríkir í viðskiptum með veiðiheimildir verða þátttakendur að geta treyst því að það lagaumhverfi sem starfað er eftir haldi. LS telur að frumvarpið uppfylli slíkt og sé samþykkt þess því af hinu góða.

**Virðingarfyllt**

f.h. Landssambands smábátæigenda

  
Örn Pálsson framkvæmdastjóri